

231. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands - haldinn 6. febrúar 2026

Mætt: Anna Valgerður Sigurðardóttir (skipuð af ráðherra, á Teams) Ellý Tómasdóttir (skipuð af ráðherra, á Teams), Halldóra Guðlaugsdóttir (fulltrúi foreldra), Guðbjörg Bergsveinsdóttir (fulltrúi kennara), Sveinn Ægir Birgisson (fulltrúi sveitarfélaganna), Einar Freyr Elínarson (fulltrúi sveitarfélaganna), Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari), Soffía Sveinsdóttir (skólameistari), Daníel Smári Björnsson (formaður NFSu).

Jóhann Karl Ásgeirsson boðaði forföll.

Gestur á fundi: Björgvin E. Björgvinsson (áfangastjóri).

Skólameistari setti fundinn kl. 13

Dagskrá:

1. Nemendatölur – Björgvin
2. Félagslíf nemenda – Daníel Smári formaður NFSu
3. Heimavist FSu
4. Garðyrkjunámið
5. Vinnustofa með MRN/svæðisskrifstofur
6. Önnur mál

1. Nemendatölur – Björgvin

Björgvin fór yfir helstu tölfræði vorannar. Eftir þrjár vikur voru skráðir nemendur í dagskóla 921 talsins. Nemendum hefur farið fjölgandi undanfarnar vorannir, allt frá styttingu náms til stúdentsprófs.

Björgvin fór einnig yfir aðsókn á einstaka námsbrautir við skólann. Meðal þess sem kom fram þar var að opin lína stúdentsbrautar er áfram vinsælasta brautin en tæplega 250 nemendur eru skráðir á hana, þar á eftir eru húsasmíðabraut, rafvirkjabraut, sérnámsbraut og náttúrufræðilína stúdentsbrautar.

Strákar eru enn í meirihluta nemenda á starfsnámsbrautum en þó hefur kvenkynsnemendum fjölgað örlítið, a.m.k. á rafvirkjabraut og vélvirkjabraut.

Björgvin sagði stuttlega frá íslenskubró sem er ný við skólann. Umræða um námslega stöðu nemenda með erlendan bakgrunn.

2. Félagslíf nemenda – Daníel Smári

Daníel Smári sagði frá því sem hefur verið í gangi í félagslífi nemenda. Á haustönn var nýnemakvöldvaka fyrsti stóri viðburðurinn. Nýnemaballið var síðan og gekk vel. Þá var góðgerðavikan í október og var safnað um 400 þúsund krónum til styrktar SÁA. Þá var söngkeppnin haldin í nóvember og gekk miðasalan vonum framar. Manúela Maggý vann þá keppni og mun hún syngja fyrir hönd skólans í lokakeppninni í apríl. Á vorönninni verða einnig viðburðir, s.s. árshátíðin sem verður í næstu viku. Á sunnudaginn verður kvöldvaka í Pakkhúsinu þar sem horft verður á Super Bowl. Þá styttist í Káta daga og Flóafár sem verður um miðjan mars. Þá komst lið skólans í 8 liða úrslit í Gettu betur og verður sýnt frá því í sjónvarpinu.

SÆB ET.
Soffía H. ÁS
Sveinn SMS

Umræða um kostnað við stóru viðburðina sem NFSu heldur, hvort hægt sé að spara og hafa þá frekar fleiri, minni viðburði.

3. Heimavist FSu

Soffía greindi frá því að hún hefði sagt upp leigusamningi skólans við rekstraraðila heimavistarinnar. Samningurinn gildir fram í miðjan maí en hið opinbera mun bjóða heimavist skólans út á næstunni. Forsendunum verður eitthvað breytt frá því sem verið hefur.

Ungmennaráð Árborgar hefur sent ráðuneytinu áskorun um byggingu nýrrar heimavistar við skólann sem bæjaráð Árborgar hefur tekið undir.

Tillaga að ályktun frá skólanefnd:

Skólanefnd skorar á mennta- og barnamálaráðuneytið að skipa starfshóp um undirbúning varanlegrar lausnar fyrir heimavist við Fjölbautaskóla Suðurlands.

Skólanefnd leggur til að tilnefndir verði, auk fulltrúa ríkisins, fulltrúar frá Árborg, SASS og skólanefnd FSu.

Ályktunin samþykkt. Sveinn Ægir tekur að sér að senda ályktunina til ráðuneytisins.

4. Garðyrkjunámið

Soffía sagði frá samskiptum sínum við ráðuneytið vegna garðyrkjunámsins á Reykjum. Hún mun biðja um fund með ráðuneytisstjóra til að ræða sýn ráðuneytisins á framhaldið.

Ekki hafa verið gerðar breytingar á námsbrautum í garðyrkju frá því að FSu tók við náminu. Í gær funduðu fagnefndir garðyrkjunámsins á Reykjum. Soffía mun einnig heyra frá nemendum.

Mikilvægt er að svör berist frá ráðuneytinu um framtíðaráform um garðyrkjunámið.

5. Vinnustofa með MRN/svæðisskrifstofur

Soffía sagði frá vinnustofu skólameistara með MRN fyrir stuttu þar sem meðal annars voru kynntar breytingar á skipuriti innan ráðuneytisins. Ekki var minnst á svæðisskrifstofurnar á þeim fundi. Henni leist vel á það sem kom þar fram frá ráðuneytinu og er bjartsýn á framtíðina.

6. Önnur mál

- Soffía greindi frá því að Björgvin, áfangastjóri skólans, hefði ákveðið að láta af störfum í vor. Umræða um hvort ætti að auglýsa stöðuna innanhúss eða á opinberum vettvangi. Skólameistara er heimilt að auglýsa úr hópi kennara við skólann samkvæmt reglugerð. Engin ákvörðun tekin á fundinum en skólanefnd veitir skólameistara heimild til að ákveða aðferðafræðina.

Næsti fundur skólanefndar verður föstudaginn 17. apríl kl. 13.

Fundi slitið kl. 14:14

Fundargerð ritaði Sigursveinn Sigurðsson.

HAUSTOGA GUNLAUS
Sigursveinn Sigurðsson

Sveinn Ægir Birgisson
Elly Tómasdóttir
Annika Björnsdóttir